

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „örorkulífeyris“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: aldurstengdrar örorkuuppbótar.

2. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Aldurstengd örorkuuppbót.

Aldurstengd örorkuuppbót greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr. eða fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. Aldurstengd örorkuuppbót greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Um uppbotina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. másl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr. um skerðingu vegna tekna að öðru leyti en því að skerðing aldurstengdrar örorkuuppbótar hefst ef tekjur eru hærri en 2.514.788 kr. á ári. Fjárhæð uppbotar, sbr. 2. mgr., miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Fjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppbótar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 12. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 og 19 ára	100%
20 og 21 árs	95%
22 og 23 ára	90%
24 og 25 ára	85%
26 og 27 ára	80%
28 og 29 ára	70%
30 og 31 árs	60%
32 og 33 ára	50%
34 og 35 ára	40%
36 og 37 ára	30%
38 og 39 ára	20%
40 til og með 43 ára	10%
44 til og með 48 ára	5%
49 til og með 59 ára	2,5%
60 til og með 66 ára	1,5%

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og gilda um umsóknir eftir þann tíma.

Þeir sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr., fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. og endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð við gildistöku laganna eiga rétt á aldurstengdri örorkuuppbót án sérstakrar umsóknar og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Miðast fjárhæð uppbótar við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samninga við sauðfjárbændur, sem hafa náð eða ná 64 ára aldri á tímabilinu 2004–2007, um að eiga hvorki né halda sauðfé til og með 31. desember 2007 en halda óskertum beingreiðslum á sama tíma á meðan greiðslumark sauðfjár er í eigu hlutaðeigandi bænda og áfram skráð á lögbýli. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum, enda séu afurðir þeirra til eigin nota. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða svo á um í samningunum að þeir bændur sem hyggjast hefja sauðfjárrækt að nýju megi koma sér upp bústofni frá 1. september 2007. Samningunum skal þinglýst sem kvöðum á viðkomandi lögbýli sem gilda til 31. desember 2007. Verði eigendaskipti að greiðslumarki eða lögbýli fellur samningurinn niður og hin þinglýsta kvöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.